

18. júlí 1984

577

Nr. 351

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Fjárhæðir eftirtalinnna bótaflokka samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar skulu hækka um 2% frá 1. júní 1984 frá því sem þær voru í maímánuði s.l.:

barnalífeyrir skv. 14. gr.

mæðra- og feðralaun skv. 15. gr. og tekjutrygging og heimilisuppbót skv. 19. gr.

Greiddslur skv. 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

24. júlí 1984

Nr. 352

## AUGLÝSING

### um flutning prestsseturs í Sauðanesprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá Sauðanesi að Þórshöfn.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð og að fenginni umsögn biskups Íslands, prófasts Þingeyjarprófastsdæmis, sóknarnefnda Sauðanessóknar og Svalbarðssóknar og setts sóknarprestis í Sauðanesprestakalli, er hér með mælt svo fyrir, að prestssetur í Sauðanesprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi skuli flytja frá Sauðanesi að Þórshöfn.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júlí 1984.*

**Jón Helgason.**

*Þorleifur Pálsson.*

B 74